

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1519  
komudagur 7.4.2010

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnasvið@althingi.is](mailto:nefnasvið@althingi.is)

Reykjavík, 31. mars 2010

## UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

### 138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 477 – 333. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetra-  
gjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna  
(HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 11. mars 2010.

Lagabreytingin sem lögð er til miðar að lækkun kostnaðar farmflytjenda. Slík breyting á að  
leiða til lægri kostnaðar og þar með lægra verðs fyrir vörur og verkþjónustu, sem kemur  
meðal annars heimilum landsins til góða með einum eða öðrum hætti, ekki síst á  
landsbyggðinni.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er komið inn á fyrri tilraunir til að gera sambærilega  
lagabreytingu og að þá hafi komið fram gagnrýni um flækjustig í framkvæmd og tekjutap  
Vegagerðarinnar, svo og óvissu um fjármögnun breytingarinnar sem Vegagerðin ætti þó að fá  
bætt með framlögum úr ríkissjóði.

Ekki er tekin afstaða til þessara framkvæmda- og fjármögnunarpáttá, enda hafa HH ekki  
nægilegar forsendur til þess en **HH styðja þetta framlagða frumvarp.**

Tekið er undir jákvæð sjónarmið til jöfnunar á kostnaði vegna mikilla flutninga fyrir dreifðar  
byggðir landsins, hvort sem sá flutningur fer um land eða sjó. Þó er bent á að slíkar  
jöfnunaraðgerðir skila sér oft illa til neytenda og er bent á að tryggja þurfi að slík aðgerð skili  
sér með tilætluðum hætti til neytenda, en verði ekki ríkisniðurgreiðsla aukins hagnaðar  
einkaaðila á fákeppnismarkaði. Slíkt leiddi til tvöfaldrar byrgðar fyrir neytendur, bæði sem  
hærrí skattar og of hátt verðlag.

Einnig er það álitamál hvort aukin áhersla á strandsiglingar og styrkari vörudreifingarkjarna í  
lykilþéttbýlisstöðum landsins skili auknu hagræði fyrir neytendur og ríki með minni kostnaði  
vegna slits vegakerfis, misnotkunar á niðurgreiðslu og eftirliti vegna fyrirgreiðslunnar.

Grundavallaratriði er þó að rjúfa tengsl verðlagspróunar við þegar teknar fjárskuldbindingar,  
þe. vísitölubundnar verðtryggingar, til að forða því að svona aðgerð skili sér í þriðja lagi til  
hækkunar á greiðslubyrði lána, takist ekki að tryggja að verðlag skv. ofangreindum aðgerðum  
skili sér til neytenda til lækkunar kostnaðar.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður  
Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið